

Réttarfarsnefnd

Alþingi
Erindi nr. P 138/1109
komudagur 3. 3. 2010

Reykjavík, 2. mars 2010.

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Réttarfarsnefnd vísar til tölvubréfs allsherjarnefndar Alþingis 25. febrúar 2010 þar sem óskað er eftir að látin verði í té umsögn um frumvarp til laga um frestun nauðungarsölu og flýtimeðferð einkamála vegna gengistryggðra lána (þingskjal nr. 700, 392. mál). Með frumvarpinu er annars vegar lagt til að heimila megi til ársloka 2010 að einkamál vegna lánsamninga í íslenskum krónum, sem bundnir eru við gengi erlendra gjaldmiðla, sæti flýtimeðferð og hins vegar að fresta beri fram yfir sömu áramót nauðungarsölum sem leitað er til fullnustu á slíkum skuldbindingum.


Svo sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er tilefni þess ágreiningur sem hefur risið um lagaheimild til að binda lán í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla. Um þetta hafa nýlega gengið tveir héraðsdómar þar sem komist var að gagnstæðri niðurstöðu. Fram hefur komið í opinberri umræðu að báðum þessum dómum hafi verið eða muni verða áfrýjað til Hæstaréttar.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að öll einkamál um sakarefni af þessum toga geti sætt flýtimeðferð frá upphafi málsmeðferðar. Réttarfarsnefnd telur ekki koma til álita að öll þessi mál geti átt aðgang að dómstólum eftir reglum um flýtimeðferð í XIX. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, enda augljóst að slíkt mundi raska starfsemi dómstóla þannig að algerlega óviðunandi yrði. Þess í stað er nægilegt að fáein mál verði dæmd til að fordæmi fáiist um ágreiningsefni af þessum meiddi. Þar sem dómar hafa þegar gengið í héraði má vænta þess að mál um þetta komi til kasta Hæstaréttar innan tíðar. Í ljósi þess að aðkallandi er að leyst verði úr álitaefnum um þetta má gera ráð fyrir að málsmeðferð fyrir Hæstarétti verði hraðað eftir föngum. Lögfesting þessa frumvarps fengi þó engu breytt að því leyti, enda snýr það að frumákvörðun um flýtimeðferð máls, sem ávallt er tekin fyrir héraðsdómi.

Réttarfarsnefnd sér ekki að réttmæt ástæða geti verið til að fresta með lagaboði öllum nauðungarsölum til fullnustu á skuldbindingum sem hér um ræðir til loka þessa árs, svo sem lagt er til í 2. gr. frumvarpsins. Til stuðnings því nægir að nefna að vel má vera að úr þessum álitaefnum verði leyst með dómi Hæstaréttar fyrir mitt þetta ár og væri því ótækt að nauðungarsölum hefði sjálfkrafa verið frestað til viðbótar um ríflega sex mánuði. Gerðarþola við nauðungarsölu, sem leitað væri til fullnustu skuldbindingar sem þessarar, væri að auki í lófa lagið að halda þar uppi vörnum á þessum grundvelli gegn framgangi nauðungarsölnnar eftir almennum málsmeðferðarreglum laga nr. 90/1991.

Að virtu framangreindu mælir réttarfarsnefnd eindregið gegn því að frumvarp þetta verði að lögum.

Virðingarfyllst,
f.h. réttarfarsnefndar



Benedikt Bogason ritari.